



Vinnumarkaðurinn búinn að ná fullum styrk

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 224.300 manns hafi verið á vinnumarkaði í júní. Það jafngildir 82,9% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 216.800 starfandi og um 7.500 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 3,3% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 10.100 milli ára í júní og atvinnulausum fækkaði um 2.700 á sama tíma. Hlutfall starfandi var 80,1% í júní og hækkaði um 1,7 prósentustig frá júní 2021. Starfandi fólk hefur aldrei verið fleira samkvæmt vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar.

Atvinnuþátttaka á uppleið

Atvinnuþátttaka hefur aukist síðustu mánuði og var 82,9% nú í júní sem er 0,6 prósentustigum hærra en í júní 2021. Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 79,9% og hefur atvinnuþátttaka aukist nokkuð stöðugt allt síðasta ár á þennan mælikvarða.



Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 3,3% í júní sem er 1,4 prósentustigum lægra en á sama tíma í fyrra. Almennt atvinnuleysi skráð hjá Vinnuálastofnun var hins einnig 3,3% og hafði minnkað um 3,0 prósentustig milli ára.

Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar sveiflast stundum nokkuð eftir mánuðum. Þannig var atvinnuleysi í júní 2,5 prósentustigum lægra en í maí. Hagstofan birtir einnig árstíðaleiðréttar tölur og samkvæmt þeim var atvinnuleysi í júní 4,0% sem er nokkuð hærri niðurstaða en mæld var í mánuðinum.

Vinnutími styttest

Vinnutími hefur styst töluvert á undanförunum misserum, en mikið hefur hægt á þeirri þróun síðustu mánuði. Venjulegur vikulegur vinnutími var þannig 39,4 stundir nú í júní sem er 0,2 stundum







styttra en í júní 2021. Sveiflur eru miklar í vinnutíma milli mánaða, en sé horft til 12 mánaða hlaupandi meðaltals er vinnutími nú rúmlega einni klukkustund styttri en hann var í upphafi ársins 2020. Áherslur í síðustu kjarasamningum um styttingu vinnutíma hafa því komið greinilega fram í niðurstöðum vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar.

Vinnuafslnotkun eykst stöðugt eftir langvarandi samdrátt

Starfandi fólki á 2. ársfjórðungi 2022 fjölgaði um 8,3% miðað við sama tíma 2021. Vinnutími lengdist um 0,8% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 9,0% milli ára. Þetta er fimmti fjórðungurinn í röð sem heildarvinnustundum fjölgar milli ára.

Sterkari vinnumarkaður

Tölur úr vinnumarkaðskönnuninni síðustu mánuði hafa undirstrikað rækilega að vinnumarkaðurinn er óðum að ná fyrri styrk. Störfum hefur fjölgað mikið og atvinnuleysi orðið lægra en var áður en faraldurinn skall á.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.